

# Merkingar hjólastíga fyrir höfuðborgarsvæðið

**Dags. fös.5.jún'15**

## **Erindi:**

Með erindi þessu er þess formlega farið á leit við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu og Vegagerðina að þau skipi fulltrúa til samstarfs um samræmdar merkingar á hjólastígum fyrir höfuðborgarsvæðið allt. Verkefnið hefur til þessa þegar verið kynnt í það minnsta einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi ásamt vegagerðinni, lögreglu og hjólreiðasamtökum (LHM) með jákvæðum undirtektum.

Miklar samgöngubætur hafa orðið fyrir hjólreiðar á höfuðborgarsvæðinu sem endurspeglast í verulegri aukningu á hjólreiðamönnum. Til að styðja við þessa jákvæðu þróun er tímabært að huga að góðum leiðarvísium fyrir hjólreiðakerfið. Fjölgun ferðamanna sem ferðast um á hjólum fer einnig vaxandi og þá skiptir merkingar miklu máli sem og aðra sem nýta sér hjólastígakerfið til að ferðast með auðveldari hætti á milli staða.

Tillögur um tegund og gerð merkinga fyrir hjólastíga liggja fyrir og næstu skref verkefnisins eru að útfæra og hanna merkingar m.t.t. staðsetningar, útlits og texta.

Framlag Reykjavíkurborgar verði í formi verkefnastjórnunar uns búið er að móta heildstætt kerfi leiðarvísi merkinga fyrir höfuðborgarsvæðið í heild. Áætlun verktíma óljós en stefnt sé að því að hægt verði að hefja framkvæmdir við að setja niður fyrstu merkingar í síðasta lagi fyrir vorið 2016.

## **F.h. Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar**

**Kristinn Jón Eysteinnsson, verkefnastjóri**

*Samrit sent til:*

*Garðabær, Seltjarnarnes, Kópavogur, Mosfellsbær, Hafnafjarðarbær, Vegagerðin*